**158. löggjafarþing 2026–2027.**
**Þingskjal 448 — 347. mál.**

# Frumvarp til laga

**um breytingu á lögum um brottfararstöð, nr. 48/2026 (frestun gildistöku).**

Frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar
(AÍG, ÁRÞ, GunnG, GrímG, KÁB).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „1. desember 2026“ í 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. kemur: 1. desember 2027.
b. Á eftir orðunum „12. júní 2026“ í 2. mgr. kemur: m-liður 1. tölul. 22. gr. tekur gildi 1. desember 2026.
c. Í stað orðanna „l-, m- og n-liður“ í 2. mgr. kemur: l- og n-liður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram af meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar og var samið í samráði við dómsmálaráðuneytið. Lög um brottfararstöð, nr. 48/2026, tóku gildi 12. júní 2026. Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laganna skal brottfararstöð þó ekki taka til starfa fyrr en 1. desember 2026 en þann sama dag taka gildi tilteknar breytingar á lögum um útlendinga, nr. 80/2016. Með þessu frumvarpi er lagt til að gildistöku áðurnefndra breytinga á lögum um útlendinga og upphafi starfsemi brottfararstöðvar verði frestað til 1. desember 2027. Þá er lagt til að ákvæði um að ráðherra setji reglugerð um skimun ríkisborgara þriðju ríkja, sbr. m-lið 1. tölul. 22. gr. laga um brottfararstöð, öðlist gildi 1. desember 2026, enda tengist slík skimun ekki starfsemi brottfararstöðvar.

Uppbygging brottfararstöðvar er eitt af forgangsverkefnum dómsmálaráðuneytisins. Í samstarfi við Framkvæmdasýsluna – Ríkiseignir (FSRE) og lögreglustjórann á Suðurnesjum hefur ráðuneytið farið í umfangsmikla vinnu við að finna og undirbúa hentugt húsnæði fyrir starfsemina. Húsnæði brottfararstöðvar þarf að uppfylla ríkar kröfur um aðbúnað og öryggi enda verða þar vistaðir frelsissviptir einstaklingar. Þá þarf notkun húsnæðisins að samrýmast gildandi skipulagi í viðkomandi sveitarfélagi og afla þarf nauðsynlegra byggingarleyfa. Mikilvægt er að veita hlutaðeigandi stjórnvöldum og sveitarfélögum nægilegt svigrúm til að gera nauðsynlegar breytingar vegna verkefnisins.

Við undirbúning verkefnisins hefur komið í ljós að ekki verður unnt að ljúka öllum nauðsynlegum þáttum fyrir fullbúna brottfararstöð fyrir 1. desember 2026. Því er nauðsynlegt að fresta gildistökunni á því að brottfararstöð taki til starfa til 1. desember 2027. Fram að þeim tíma gefst svigrúm til að undirbúa starfsemina þannig að hún uppfylli skilyrði laga. Frestun breytir ekki efnisreglum laga um brottfararstöð, nr. 48/2026.

Breytingar á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, sem tengjast starfsemi brottfararstöðvar skulu taka gildi um leið og úrræðið tekur til starfa. Umræddar breytingar fela m.a. í sér að tilteknar heimildir sem koma fram í 115. gr. laganna, sem fjalla um handtöku og gæsluvarðhald, falli brott og í þeirra stað komi heimild til vistunar í brottfararstöð.